

**Nd.**

**135. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 21, 4. júní 1924. [Sauðfjárbaðanir].

Frá 1. minni hluta landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefndin hefir átt itarlegt viðtal við dýralækninn í Reykjavík um þetta mál. Er það álit dýralæknis í stuttu máli, að sjálfsagt sje, að Alþingi geri sem allra fyrst, og þá helst á þessu þingi, ráðstöfun til útrýmingar fjárkláðanum. En eftir að sú ákvörðun væri tekin, þyrfti um það 2 ár til undirbúnings útrýmingarböðuninni, til rannsóknar baðlyfja, er nota ætti til þeirrar böðunar, o. fl. Meiri hluti nefndarinnar (Á. J., H. Stef., Jör. B. og J. S.) er sammála dýralækninum um þetta atriði, og mun áður en langt um liður bera fram frv. um þetta mál, og fyrir þá sök fjölyrðum við ekki frekar um þetta atriði málsins nú.

En út af þessu frv. tók dýralæknir það fram, að hann teldi sjálfsagt að nema lögín frá 1914 og 1924 um sauðfjárbaðanir úr gildi og sauðfjáreigendur væru óháðir, hvort þeir böðuðu eða ekki, og frjálst að baða sauðfje sitt til þrifaböðunar úr hvaða baðefni, sem þeir kysu helst, þar til böðun til útrýmingar fjárkláðanum færi fram.

Við erum ekki algerlega sammála dýralækninum um þetta atriði. Við teljum að visu, að rjett sje, að fjáreigendur sjeu nokkuð frjálssir að því, hvaða baðlyf þeir nota, og fyrir það berum við fram brtt. við 3. gr. laga frá 1914, er rýmkar nokkuð til fyrir sauðfjáreigendum í þessu efni, en við teljum í mesta máta óhyggilegt að gefa notkun allra baðlyfja algerlega frjálssa og látið sje með öllu afskiftalaust, á hvern hátt þrifaböðun fer fram frekar en lög nr. 40, 8. nóv. 1901, mæla fyrir um. Við teljum sjálfsagt, að þrifabaðanir á sauðfje verði framkvæmdar eftir föstu skipulagi, með þeim baðefnum aðeins, er til þess verða lög-gilt þar til regluleg fjárkláðaböðun fer fram. Með því móti er best sjeð fyrir því, að þrifabaðanir komi að góðum notum.

Af þessum ástæðum viljum við, að lög nr. 58, 30. nóv. 1914, fái að standa með þeirri breytingu á 3. gr., að auk þeirra baðlyfja, er atvinnumálaráðuneytinu kann að berast tillögur um til löggildingar, að þá verði heimilt að flytja inn og nota Coopers-duft.

Leggjum við þetta til fyrir þá sök, að viðsvegar af laudinu hafa komið til þingsins eindregnar áskoranir frá sauðfjáreigendum um að mega baða úr Coopers-dufti. Teljum við, að þessar óskir hafi við svo mikil rök að styðjast, að ekki sje gerlegt að meina mönnum að nota þetta baðlyf.

Við leyfum okkur því að bera fram svofeldar

#### BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Í stað frumvarpsgreinarinnar komi 3 nýjar greinar, svo hljóðandi:
  - a. 3. gr. laga nr. 58, 30. nóv. 1914, orðist svo:

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefur, með ráði dýralækis, út fyrirskipun um það, hvaða baðlyfjategundir skuli nota og jafnframt greinilegar leiðbeiningar um meðferð þeirra. Ennfremur er heimilt að flytja inn og nota Coopers-duft til sauðfjárbaðana.
  - b. Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 21, 4. júní 1924 (um sauðfjárbaðanir).
  - c. Lög þessi öðlast þegar gildi.
2. Fyrirsögnin verði:

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 58, 30. nóv. 1914, um sauðfjárbaðanir.

Alþingi, 10. mars 1926.

Jörundur Brynjólfsson,  
framsögum.

Jón Sigurðsson.